

Hvalfjarðarsveit
Bogi Kristinsson Magnusen
Innrimel 3, Melahverfi
301 Akranes

Reykjavík 18. júní 2020
UST202006-131/A.B.
10.04.02

Efni: Tillaga – Breyting á aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2008 – 2020 í landi Móa

Vísað er til erindis skipulags- og umhverfisfulltrúa Hvalfjarðarsveitar er barst 9. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2008 - 2020 í landi Móa.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að 1,6 ha landbúnaðarlandi er breytt í verslunar- og þjónustusvæði þar sem heimiluð er bygging á gestahúsum, geymslu, gróðurhúsi, þjónustuhúsi, vélageymslu, þjónustuhúsi og tjaldsvæði. Auk þess kemur fram að gisting á svæðinu verður fyrir allt að 50 manns.

Votlendi

Í greinargerð kemur fram að Skipulagsstofnun bendir á í umsögn sinni að á svæðinu er votlendi og setja þurfi skilmála um hvernig það verði verndað. Í svörum sveitarfélagsins kemur fram að landið, sem um ræðir, er 1,6 ha að stærð og nær votlendi því ekki 2 ha og fellur því ekki undir 61. gr. í lögum um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun bendi á að þó svo að landið, sem tillagan nær til, sé einungis 1,6 ha að stærð getur votlendi náð inn á skipulagssvæðið sem er 2 ha að stærð eða stærra sem fellur þar af leiðandi undir 61. gr laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Vistgerðir og fuglalíf

Í 2. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að til að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni skal stefnt að því að viðhalda fjölbreytni vistgerða innan náttúrulegra útbreiðslusvæða þeirra með þeirri tegundafjölbreytni og þeim vistfræðilegu ferlum sem einkenna hverja vistgerð og tryggja ákjósanlega verndarstöðu einstakra vistgerða.

Í greinargerð kemur fram að svæðið er skilgreint sem votlendi og innan svæðisins eru m.a. vistgerðirnar gulstararflóavist og língresis- og vingulsvist sem eru með mjög hátt og hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Í gulstararflóavist getur verið ríkt fuglalíf og er algengt að fuglategundirnar; jaðrakan (*Limosa limosa*), stelkur (*Tringa totanus*), óðinshani (*Phalaropus lobatus*), lóuþræll (*Calidris alpina*), stökkönd (*Anas platyrhynchos*), urtönd (*Anas crecca*), grafönd (*Anas acuta*) og álftr (*Cygnus cygnus*) nýti slíka vistgerð til varps.


Umhverfisstofnun bendir á að í 4. mgr. 17. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að sérstök aðgát skuli höfð í nánd við varplönd fugla. Umhverfisstofnun bendir á að lóuþræll og jaðrakan eru ábyrgðartegundir Íslands.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að þetta komi fram í tillögunni og hvaða leiðir verði farnar til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum á ofangreindar vistgerðir og búsvæði fuglanna. Umhverfisstofnun telur því að leggja beri áherslu á verndun vistkerfa sem hafa verndargildi. Umhverfisstofnun bendir á þann möguleika að byggingareitir séu afmarkaðir í deiliskipulagi í samræmi við verndargildi vistgerða svæðisins.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllt



Björn Stefánsson
sérfræðingur